

1907 nr. 46 16. nóvember**Lög um laun sóknarpresta****■ 1.–2. gr. . . . ¹⁾**¹⁾ L. 71/1919, 34. gr., sbr. 22. gr.

■ **3. gr.** Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförunum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum, ¹⁾ þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfar þurfa-manna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

¹⁾ L. 36/1931, 3. gr.

■ **4. gr.** Þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrétti á því framvegis.

■ **5. gr.** Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans, ¹⁾ . . . undir sjálfum sér, með því ákvæðis-verði, sem sett er á gjöld þessi í matsgerð, er fari fram 10. hvert ár.

¹⁾ L. 71/1919, 34. gr., sbr. 22. gr.**■ 6.–7. gr. . . . ¹⁾**¹⁾ L. 71/1919, 34. gr.**■ 8.–11. gr. . . . ¹⁾**¹⁾ L. 90/1984, 14. gr.**■ 12.–17. gr. . . . ¹⁾**¹⁾ L. 36/1948.

■ **18. gr.** Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur, og að full skil séu gerð fyrir fé því, er sóknarnefndinni ber að innheimta.

■ **19. gr.** Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gerir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landsstjórnarinnar, er fellir fulln- aðarúrskurð í málinu. Svo getur og landsstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts.

□ Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landsstjórnarinnar.

■ **20. gr.** Prófastur hefur umsjón með því, að prestar í pró- fastsdæmi hans fái laun sín greidd samkvæmt lögum þessum.

■ **21. gr.** Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálf- um sér skv. 5. gr., hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða af niðurjöfnunargjaldi svo miklu, sem með þarf. Hrökkvi sókn- artekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið eigi, greiðir prófastur prestí það, sem á vantar, af fjárhæð þeirri, er hann fær úr prestlaunasjóði skv. 22. gr.

□ Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sér skv. 5. gr., meira en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því, sem umfram er, til prófasts.

■ **22. gr.** Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sér, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það ár- ið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir landsstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem sam- kvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár.

■ **23. gr.** Prófastur skal gera ársreikning fyrir hvert fardaga- ár yfir tekjur þær og útgjöld, sem hann hefur haft á hendi fyrir prestlaunasjóðinn, og sendir síðan reikninginn ásamt fylgi- skjölum til stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninginn.

■ **24. gr.** Tekjur prestlaunasjóðs eru þessar:

1. . . . ¹⁾

2. Sóknartekjur.

3. Vextir af innstæðufé eða peningum prestakallanna.

4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fé það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðs- ins.

5. Sektir samkvæmt lögum.

¹⁾ L. 92/1936, 11. gr.

■ **25. gr.** Landsstjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gerir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum.

■ **26. gr.** [Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síð- ar, fær laun eftir lögum þessum.]¹⁾

□ . . .

¹⁾ L. 39/1909.